

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.

1. gr.

Í 2. viðauka breytist ein færsla og ný efni bætast við, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð þessa.

2. gr.

Í 3. viðauka B breytast dagsetningar í h-dálki (Leyfilegt til) sem hér segir:

- a) Í færslum nr. (EB-tilvísunarnúmer) 1, 2, 8, 13, 15, 17, 23, 30, 34, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 51, 52, 53, 54, 57, 59 og 60 kemur dagsetningin „31. 08. 2006“ í stað „31. 12. 2005“.
- b) Í færslum nr. 3, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 12, 14, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 31, 32, 33, 35, 36, 37, 38, 39, 44, 47, 48, 49, 50, 55, 56 og 58 kemur dagsetningin „31. 12. 2006“ í stað „31. 12. 2005“.

3. gr.

Í 4. viðauka falla niður litarefni CI 12150, CI 20170 og CI 27290.

4. gr.

Í 5. viðauka breytist ein færsla og nýtt efni bætist við, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð þessa.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum um breytingar á tilskipun 76/768/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur:

- a. Tilskipun 2005/42/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE, um snyrtivörur, varðandi tæknilega aðlögun á II., IV. og VI. viðauka.
- b. Tilskipun 2005/52/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE, um snyrtivörur, varðandi tæknilega aðlögun á III. viðauka.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnadóttir.

Fylgiskjal 1.

Breytingar á 2. viðauka.

a) Færsla með EB-tilvísunarnúmer 1107 breytist og orðast svo:

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar- númer
a	b	c
litarefni CI Solvent Yellow 14	842-07-9	1107

b) Eftirfarandi færslur bætast við í stafrófsröð:

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar- númer
a	b	c
costusrótarolía, ef notað sem ilmefni	8023-88-9	1133
7-etoxy-4-metýlkúmarín, ef notað sem ilmefni	87-05-8	1134
hexahýdrókúmarín, ef notað sem ilmefni	700-82-3	1135
Perú-balsam (INCI: <i>Myroxylon pereiæ</i>), ef notað sem ilmefni	8007-00-9	1136

Fylgiskjal 2.

Breytingar á 5. viðauka.

a) Færsla með EB-tilvísunarnúmer 53 breytist og orðast svo:

Efni	CAS-nr.	Leyfilegur hámarksstyrkur	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f
<i>Benzethonium Chloride</i> N-bensýl-N,N-dimetýl-N-[4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenoxýetoxýetýl]-ammóníumklóríð	121-54-0	0,1%	Má aðeins nota í: a) vörur sem skolað er burt eftir notkun b) vörur sem ekki er skolað burt eftir notkun aðrar en vörur til munnhirðu		53

b) Nýtt efni með EB-tilvísunarnúmer 57 bætist við:

Efni	CAS-nr.	Leyfilegur hámarksstyrkur	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f
<i>Methylisothiazolinone</i> metýlisópíasólínón	2682-20-4	0,01%			57